

Fræðslunefnd

Stjórnskipuleg staða

Fræðslunefnd heyrir beint undir bæjarstjórn. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og skóla- og sérkennslufulltrúi starfa með nefndinni.

Nefndin starfar á skóla- og tómstundasviði. Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar: Leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og framhaldsskóli.

Skipan nefndarinnar

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar eiga fulltrúi kennara, skólastjóra og foreldra barna í grunn- og leikskóla, rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétti. Þá eiga bæjarstjóri og sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Einnig aðrir áheyrnarfulltrúar sem bæjarstjórn samþykkir.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fyrir nefndina, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Meginhlutverk fræðslunefndar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

Fræðslunefnd hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þessara stofnana og í fræðslumálum almennt. Einnig heyra undir nefndina mál er varðar daggæslu barna í heimahúsum. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í fræðslumálum;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í fræðslustarfi á vegum sveitarfélagsins;
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í fræðslumálum nái fram að ganga;
- að sjá um að öll skólaskyld börn í bæjarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í VI. og VII. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði tvisvar í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslur nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur ritari nefndarinnar til bæjarritara, sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður og/eða starfsmaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar fræðslunefndar skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann þá boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort heldur þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála, sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál

Nefndin skal fjalla um umsóknir og gefa rökstudda umsögn til bæjarstjóra vegna ráðningar skólustjóra. Ákvörðun um ráðningar kennara og annarra starfsmanna er á valdi skólustjóra.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um fræðslumál gilda, sérstaklega lög um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar eins og þau eru hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. janúar 2016.
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.